

Nr. 017 / 14 Geysir SH 39***Bilun í stýrisbúnaði og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 7164
Smíðaður: Hafnarfirði 1989 plast
Stærð: 5,90 brl. 5,15 bt.
Mesta lengd: 8,38 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Volvo Penta 160 kW 2005
Fjöldi skipverja: 1



Geysir ©Skip.is

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. mars 2014 var Geysir SH 39 á handfæraveiðum norður af Öndverðarnesi. Veður: A 8 m/sek.

Á veiðunum varð skipstjóri var við að stýrið virkaði ekki en í ljós kom að lítið gat var á slöngu frá stýrisdælunni og vökvakerfisólían lekið öll niður í kjalsog. Hann óskaði eftir aðstoð og dró Nonni í Vík SH 89 Geysi til Ólafsvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að um var að ræða granna (frá Volvo) gúmmíslöngu sem hafði legið utan í og náði að nuddast í sundur;
- að við slönguskiptin var sett vírofin slanga.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.